



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2016

Auðkennið VOCALIST

I.

Erindið

Mál þetta hófst með erindi Elísabetar Ólafsdóttur, f.h. söngskólans Vocal-Lisa, dags. 2. nóvember 2015. Í bréfinu segir að Elísabet, sem sé eigandi orðmerkisins VOCAL-LISA og orð- og myndmerkis sem beri heitið VOCAL LISA, hjá Einkaleyfastofu, krefjist þess að söngskólinn Vocalist, sem rekinn sé af Sólveigu Unni Ragnarsdóttur, hætti notkun heitisins Vocalist. Notkun á heitinu skapi verulega ruglingshættu enda sé einungis síðasti bókstafur auðkennanna frábrugðinn. Þetta sé sérstaklega alvarlegt með tilliti til þess að um sé að ræða þjónustu á nákvæmlega sama sviði, þ.e. söngkennslu og söngfræðslu. Þá starfi bæði fyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu og hafi þar af leiðandi sama markhóp. Elísabet sé skráður leyfishafi vörumerkisins VOCAL-LISA og telji notkun heitisins Vocalist brjóta gegn rétti hennar.

Söngskólinn Vocal-Lisa hafi verið starfræktur í Lúxemborg síðan í september 2012 en hafi flutt starfsemi sína til Íslands í júlí 2013. Sótt hafi verið um skráningu á vörumerkjunum hjá Einkaleyfastofu þann 7. apríl 2014. Lýsing vöruflokksins sé flokkur 16, fræðslu- og kennslugögn, og flokkur 41, fræðsla, þjálfun og söngkennsla.

Elísabet telji notkun á heitinu Vocalist brjóta gegn rétti hennar til notkunar á merkjunum og varði við 5. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Því sé þess krafist að Neytendastofa banni notkun á heitinu. Einnig sé þess óskað að viðeigandi viðurlögum verði beitt til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot. Auðkennin séu notuð með það að markmiði að beina þjónustu að sama markhópi. Sá litli munur sem á auðkennunum sé, bæði hvað varði ritað og talað mál, sé til þess fallinn að valda ruglingi. Hér sé meðtalin notkun Vocalist á léninu vocalist.is.



II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Elísabetar var sent Sólveigu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 24. nóvember 2015. Svar barst með bréfi, dags. 2. desember 2015, þar sem segir að Sólveig hafi rekið söngskólann Vocalist frá því í desember 2013. Við stofnun söngskólans hafi honum verið valið nafnið Vocal-list en eftir áramótin þegar byrjað hafi verið að markaðssetja skólann hafi Elísabet haft samband og gagnrýnt notkun heitisins vegna þess hve líkt það væri hennar heiti. Á þeim tíma hafi Sólveigu ekki verið kunnugt um notkun Elísabetar á heitinu Vocal-Lisa hér á landi. Eftir samtalið hafi verið tekið ákvörðun um að koma til móts við athugasemdirnar og heiti söngskólans hafi verið breytt úr Vocal-list í enska orðið Vocalist þar sem bandstriki og öðru „l“ hafi verið sleppt. Þar með hafi verið talið að aðgreiningin væri orðin næg þannig að ekki væri ruglingshætta til staðar. Auk þessa séu vörumerki þeirra væru mjög ólík sem ætti að aðgreina starfsemi þeirra enn frekar.

Þar markaðssetningu með vörumerkinu og nafninu Vocal-list hafi þegar verið hafin hafi ekki verið hægt að ganga lengra frá upprunalegu nafni. Í kjölfar þessa hafi verið leitað ráða hjá Einkaleyfastofu varðandi heitið Vocalist. Á þeim tíma hafi Einkaleyfastofa veitt þær upplýsingar að heitið Vocalist og orðið Vocal væru það almenns eðlis að ekki væri hægt að fá þau skráð sem vörumerki, ein og sér. Vocalist þýði söngvari/raddlistamaður á ensku og sérkenni þess sé ekki nægt til að njóta einkaréttar. Þess vegna hafi ekki verið óskað skráningar á vörumerkinu Vocalist á þeim tíma.

Síðan þetta hafi komið upp séu liðin tæp tvö ár og á þeim tíma hafi ekkert heyrst frá Elísabetu. Á þessum tíma hafi Sólveig stundað mikið markaðsstarf og sé skólinn í örum vexti. Á þessari önn stundi 28 nemendur nám við skólann, ásamt því sem skólinn starfræki Kvinnakór Vocalist sem telji 30 konur. Vocalist bjóði upp á nám fyrir bæði unglinga og fullorðna og Vocalist sé að skapa sér nafn meðal þeirra skóla sem bjóði upp á söngkennslu á höfuðborgarsvæðinu.

Það muni því vera ljóst að eftir þennan tíma frá stofnun skólans muni það hafa verulega skaðleg áhrif ef til þess komi að breyta þurfi nafni og auðkenni skólans.

Það sé mjög skrítið ef það mætti einungis einn söngkennari nota orðið „vocal“ í auðkenni fyrir starfsemi sína. Því mæti líkja við það ef yoga kennari mætti ekki skýra stöð sína nafni sem byrji á Yoga eða ef þeim sem ætli að opna pizzustað væri bannað að nota orðið pizza í upphafi heitisins. Vörumerkin sem mál þetta snúið að séu gjörólík og ætti það að vera nóg til að aðgreina söngskólana. Auk þess séu heimasíður þeirra mjög ólíkar og þau plaköt og auglýsingar sem söngskólarnir hafi sent frá sér. Þá sé Vocal-Lisa í Kópavogi en Vocalist á Laugavegi í Reykjavík.



Sólveig og Elísabet séu báðar menntaðar í tækni sem kallist Complete Vocal Technique og hafi allavega nafn Vocalist skírskotun til þess. Hjá Vocal-Lisa sé þetta leikur að orðum þar sem Elísabet sé kölluð Lísá. „*Vocalisa*“ sé orð yfir söng án orða. Nafn skólans sé greinilega tengt við nafn eigandans en söngskóli Sólveigar heiti Vocalist sem sé þýðing á orðinu söngvari.

Á þeim tveimur árum sem söngskólinn Vocalist hafi verið rekinn hafi aldrei orðið vart við neinn misskilning eða rugling við Vocal-Lisa. Það sé einkennilegt ef aðeins annar aðilinn verði var við slíkan rugling. Það sé ekkert því til fyrirstöðu að báðar haldi sínum heitum og auðkennum.

2.

Bréf Sólveigar var sent Elísabetu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. desember 2015. Svar barst með bréfi, dags. 17. desember 2015. Í bréfinu er til þess vísað að í svari Sólveigar hafi komið fram að upphaf starfsreksturs söngskólans Vocal-list hafi verið í desember 2013. Af vefsíðu skólans megi ráða að hann hafi ekki verið stofnaður fyrr en á árinu 2014 og megi af þessu álykta að veittar séu villandi upplýsingar um þann tímapunkt er Sólveig hafi hafið notkun á hinu umdeilda auðkenni. Ekkert skuli sagt um hvenær rekstur söngskónans hafi hafist en af vefsíðunni verði ekki annað ráðið en að það hafi verið á árinu 2014. Það hafi verið í byrjun apríl 2014 sem Elísabet hafi fyrst orðið vör við heitið eftir að tilkynnt hafi verið um stofnun skólans á samfélagsmiðlum. Í svarbréfinu hafi því augljóslega verið rangt farið með staðreyndir.

Ítrekað sé að notkun á heitinu Vocalist til auðkenningar á söngskóla Sólveigar skapi verulega ruglingshættu enda sé einungis síðasti bókstafurinn frábrugðinn auðkenninu VOCAL-LISA. Það sé sérstaklega alvarlegt með tilliti til þess að um sé að ræða þjónustu á nákvæmlega sama sviði. Meta beri ruglingshættu út frá sjónarhorni neytandans en ekki sjónarhorni rekstraraðilans. Fyrirtækin starfi bæði á höfuðborgarsvæðinu og því vegi rök um hverfandi líkur á ruglingshættu vegna þess að annað fyrirtækið starfi í Reykjavík en hitt Kópavogi, ekki þungt enda fráleitt að ætla að íbúar höfuðborgarsvæðisins takmarki sig við sitt eigið sveitarfélag, borg eða bæ þegar þeir sækja sérþjónustur. Að auki sé það meginregla að vörumerkjaréttur sé landsbundinn.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps sem varð að vörumerkjalögum nr. 45/1997 sé tekið fram að krafa um að vörumerki skuli vera sérstakt auðkenni sé grundvallaratriði í vörumerkjarétti. Markmið vörumerkjaréttar sé tvíþætt. Annars vegar sé markmiðið að veita þeim sem stundi viðskipti þá réttarvernd að þeir geti auðkennt vörur sínar svo að viðskiptavinir þekki þær frá vörum annarra. Hins vegar hafi vörumerki auglýsingargildi og geti haft söluhvetjandi áhrif á neytendur. Því sé mikil áhersla lögð á að merki séu ekki villandi fyrir almenning. Við matið sé gengið út frá því meginsjónarmiði að merki séu ekki svo lík að hætt sé við að neytendur villist á þeim. Ef einungis einn bókstafur í enda tveggja orðmerkja sé frábrugðinn falli það tilvik samkvæmt ofangreindum meginsjónarmiðum tvímælalaust undir ákvæði laganna. Sú



aðgerð Sólveigar að fjarlægja bandstrik fyrir mitt orðmerki aðgreini auðkennin ekki nægilega mikið, orðmerkin séu enn of lík en samkvæmt 1. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1997 felist í vörumerkjarétti að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem séu eins eða lík vörumerki hans ef notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nái til. Að því er varði einstök orð eða orðasambönd komi hljóðlíking ekki síður til greina en sjónlíking þegar matið fari fram.

Í umfjöllun með 13. gr. laga nr. 45/1997 segi að þegar meta skuli hvort orð sem feli í sér lýsingu séu nægilega aðgreinandi beri einkum að hafa í huga merkingu þeirra í íslensku máli. Erlend orð komi þó einnig til greina ef þau hafi ákveðna merkingu hjá almenningi. Sem dæmi megi nefna orð eins og „extra“ og „super“. Enska orðið „vocal“ hafi víðtæka merkingu og varði ýmislegt sem viðkomi mannsröddinni, allt frá því að þýða „sérhljóði“ til þess að tákna það að vera hávær eða varða tónlist á einhvern hátt. Af þessu megi ráða að út frá sjónarhorni hins almenna neytanda sé orðið „vocal“ ekki lýsandi fyrir þá þjónustu sem veitt sé, orðið sé ekki almennt á íslenskri tungu og hafi ekki ákveðna heldur víðtæka merkingu á ensku og geti því síður talist vera ákveðin hjá almenningi á Íslandi. Elísabet telji að samsetning orðanna „vocal“ og „lisa“, ýmist í sinni stílfærðu mynd eða án hennar, hafi mikið og þar með nægilegt sérkenni til þess að njóta verndar ákvæðis 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Leitað hafi verið ráða hjá Einkaleyfastofunni sem hafi veitt þær upplýsingar að í fyrirbyggjandi máli væru um að ræða skýrt brot gegn rétti hennar en hins vegar yrðu þeir sem rétt eiga vegna notkunar, sjálfir að vera á varðbergi og andmæla skráningu merkja ef þeir telji brotið gegn rétti sínum. Höfnun Einkaleyfastofu á umsókn um skráningu vörumerkisins Vocalist kunnist að benda til þess að stofnunin hafi fylgt eftir skyldu sinni samkvæmt 14. gr. laga nr. 45/1997 með því að kanna hvort tiltekið merki kunnist að brjóta gegn rétti annarra og að farið hafi verið yfir öll vörumerki sem skráð séu í svipuðum flokkum.

Í umfjöllun með ákvæði 3. gr. laga nr. 45/1997 segi m.a.: „*Hér á landi hefur framkvæmdin verið sú að vörumerkjaréttur hefur verið talinn geta stofnast við upphaf notkunar en ekki verið gert að skilyrði að markaðsfestu hafi verið náð. Litið hefur verið til danskrar framkvæmdar í þessu efni.*“ Sólveig geti samkvæmt þessu ekki borið fyrir sig aukna markaðsfestu. Upphaf notkunar á auðkenninu VOCAL-LISA sé óumdeild. Notkunin eigi upphaf sitt að rekja til ársins 2012 í Lúxemborg og júlí 2013 á Íslandi. Sólveig hafi hafið notkun sína á tímabili fyrsta ársfjórðungs 2014. Hún hafi engan veginn verið grandlaus um tilvist og notkun auðkennisins VOCAL-LISA þegar hún hafi stofnað söngskólann og vísist því til stuðnings í fyrra bréf hennar til Neytendastofu. Einnig hafi Elísabet undir höndum gögn sem með óyggjandi hætti sanni að sú fullyrðing að Sólveig hafi ekki haft vitneskju á starfsemi Vocal-lisa á Íslandi séu ósannindi. Sólveig hafi í síðasta lagi haft vitneskju um starfsemi Vocal-lisa á Íslandi í september 2013.

Að lokum séu ítrekuð fyrri rök og kröfur í málinu.



3.

Bréf Elísabetar var sent Sólveigu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. janúar 2016. Svar barst með bréfi, dags. 20. janúar 2016, þar sem segir að vegna athugasemda um að farið hafi verið með rangt mál um dagsetningu stofnunar söngskólans Vocalist skuli bent á að talið hafi verið frá þeirri dagsetningu sem leigusamningur hafi verið á núverandi aðstöðu skólans og Sólveigu afhentir lykklar, sem hafi verið 16. desember 2013. Kennsla hafi hafist á nýrri önn í janúar 2014.

Við stofnun Vocalist hafi verið notast við heitið Vocal-List og stofnuð Facebook síða fyrir starfsemina með því heiti. Í apríl 2014 þegar Elísabet hafi haft samband hafi heitinu verið breytt í Vocalist. Heimasíða hafi svo ekki verið gerð fyrir en í lok maí og þá undir því heiti.

Elísabet hafi í bréfi sínu nefnt að einungis síðasti bókstafurinn sé frábrugðinn auðkenninu VOCAL-LISA. Sólveig vilji benda á að í auðkenni VOCAL-LISA séu tvö „L“, „Í“, og „A“ í lok auðkennisins en í heitinu Vocalist, sé eitt „L“, „I“, og „T“ í lok heitisins. Þá sé í auðkenninu VOCAL-LISA notast við bandstrik í miðju orði og því megi færa rök fyrir því að fjórir stafir aðgreini auðkennin.

Eins og fram hafi komið í fyrra bréfi þá hafi Sólveig ekki orðið vör við að auðkennin skapi rugling hjá neytendum.

Benda megi á að auðkennið VOCAL-LISA hafi ekki verið skráð hjá Einkaleyfastofu fyrir en þann 6. ágúst 2014 eða átta mánuðum eftir að Sólveig hóf starfsemi sína.

Varðandi fullyrðingar Elísabetar um að Sólveig hafi vitað af auðkenninu VOCAL-LISA í september 2013 segir í bréfinu að Sólveig hafi haft vitneskju um það að Elísabet væri að nota auðkennið í Lúxemborg, en standi við þau orð að hún hafi ekki áttað sig á því fyrir en í apríl 2014 að Elísabet væri að nota þetta auðkenni hér á landi. Ef um sé að ræða tilvísun til Facebook samskipta þeirra þá komi hvergi fram í þeim í september 2013 heitið á þeirri starfsemi sem Elísabet hafi verið byrjuð með á Íslandi. Í samskiptum þeirra frá 19. mars 2013 komi fram að Elísabet hafi hug á að flytja starfsemi Vocal-Lisa til Íslands. Þar sem þær höfðu ekki verið í miklum samskiptum síðustu ár þá hafi þessi samskipti ekki verið Sólveigu ofarlega í huga þegar hún valdi söngskóla sínum auðkenni. Enda þó að hún hafi haft vitneskju um það, að þá sé hún ekki viss um að hún hefði áttað sig á því að þessi tvö auðkenni væru of lík. Það hafi komið til tals í samskiptum þeirra þann 26. nóvember 2013 hvort að þær ættu að deila aðstöðunni sem Sólveig hafi verið komin með til leigu. Á þeim tíma hafi verið óvíst hvort hún myndi þá sameinast undir nýju nafni, eða að margir mismunandi skólar ættu þar aðstöðu. Hugmyndin hafi ekki verið komin lengra en það, en síðan hafi Elísabet ákveðið að vera áfram með þá aðstöðu sem hún hafi þá þegar verið komin með. Sólveig hafi einungis vitað að Elísabet ætlaði að kenna söng á Íslandi, en hafði ekki kynnt sér undir hvaða nafni sú starfsemi færi fram.



Að lokum séu ítrekuð fyrri rök.

4.

Bréf Sólveigar var sent Elísabetu til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. janúar 2016. Í bréfinu var aðilum málsins jafnframt tilkynnt um lok gagnaöflunar. Með bréfinu fylgi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta snýr að kvörtun Elísabetar Ólafsdóttur eiganda vörumerkisins VOCAL-LISA og rekstraraðila samnefnds söngskóla yfir notkun Sólveigar Unnar Ragnarsdóttur á heitinu Vocalist og léninu vocalist.is fyrir söngskóla sem Sólveig rekur. Telur Elísabet að notkun Sólveigar brjóti gegn vörumerkjarétti sínum auk þess að vera í andstöðu við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr. laganna, þar sem líkindi heitanna skapi ruglingshættu fyrir neytendur. Elísabet hafi hafið notkun auðkennis síns fyrr og Sólveigu hafi verið kunnugt um það þegar hún stofnaði söngskóla sinn.

Af hálfu Sólveigar er því hafnað að brotið sé gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Upphaflegt heiti söngskólans hafi verið Vocal-List en því hafi verið breytt í kjölfar athugasemda Elísabetar. Nú heiti skólinn Vocalist sem sé almennt orð sem þýði söngvari. Af hálfu Sólveigar hefur einnig verið á það bent að auk aðgreiningar á orðunum séu myndmerki söngskólanna afar ólík. Þá starfi annar skólinn í Kópavogi en hinn í Reykjavík.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem



annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggst að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. málsli. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Í bréfum Elísabetar hefur jafnframt verið vísað til ákvæða laga nr. 45/1997, um vörumerki. Neytendastofu er ekki falið eftirlit með þeim lögum og því getur stofnunin ekki tekið ákvörðun á grundvelli þeirra laga.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Í gögnum málsins kemur fram að Elísabet hafi notast við auðkenni sitt VOCAL-LISA frá því í september 2012, fyrst í Lúxemborg en frá júlímánuði 2013 á Íslandi. Hún heldur úti vefsíðunni vocal-lisa.com sem samkvæmt skráningu who.is var skráð þann 28. október 2012. Þá virðist Facebook síða hennar hafa verið stofnuð í desembermánuði 2012. Elísabet á jafnframt skráð vörumerkið VOCAL-LISA og orð- og myndmerkið VOCAL-LISA. Sótt var um skráningu beggja þann 7. apríl 2014 og fengust þau skráð þann 6. ágúst 2015. Sólveig hefur rekið söngskólann Vocalist frá ársbyrjun 2014, fyrst undir heitinu Vocal-list en í kjölfar athugasemda Elísabetar var heitinu breytt í Vocalist. Sólveig hefur átt lénið vocalist.is skráð hjá ISNIC, Internet á Íslandi, frá 6. apríl 2014 og við skoðun á Facebook síðu söngskólans virðist hún hafa verið stofnuð í desember 2013. Sólveig notast við orð- og myndmerki þó það hafi ekki verið skráð hjá Einkaleyfastofu. Neytendastofa telur að ofangreindu virtu að báðir aðilar hafi tilkall til auðkenna sinna og því kemur 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 til álita í málinu.

Báðir aðilar málsins reka söngskóla og vísa auðkenni þeirra til þess. Um er að ræða erlend orð sem vísa með beinum hætti til söngs eða söngraddar og því telur Neytendastofa heiti



söngskólanna afar lýsandi fyrir starfsemi þeirra. Heiti söngskólar Elísabetar hefur nokkurt sérkenni þar sem heitinu er skipt upp með bandstriki og síðari hluti heitisins vísar til nafns Elísabetar. Heiti söngskóla Sólveigar var við upphaf reksturs Vocal-list en hefur verið breytt þannig að bandstrik og annað „l“ fyrir miðju orði verið fellt út. Með því telur Neytendastofa að dregið hafi úr sjónrænni líkingu heitanna. Þegar heitin eru borin fram má vart greina að auðkenni Elísabetar ber tvö „l“ fyrir miðju orði en auðkenni Sólveigar aðeins eitt. Neytendastofa telur endingu auðkenna, þ.e. „Lisa“ annars vegar og „list“ hins vegar, draga verulega úr hljóðlíkingu orðanna.

Orð- og myndmerkið VOCAL-LISA er mynd af smáfugli sem situr á línu og orðin „vocal“ og „lisa“ í lágstöfum rituð undir myndinni þar sem orðið „lisa“ er ritað fyrir neðan „vocal“. Myndin og orðin eru svört á hvítum grunni. Auðkennið VOCALIST er hins vegar tvær mismislangar, lóðréttar rauðar rendur og rauð nóta í sama stíl. Undir myndinni stendur í hástöfum „VOCALIST“ og þar fyrir neðan í smærra letri „fyrir þína rödd“. Orðin eru í svörtu letri og merkið í heild sinni er á hvítum grunni. Neytendastofa telur líkindi með orð- og myndmerkjum aðila ekki svo mikil að það sé til þess fallið að valda ruglingshættu hjá neytendum.

Að teknu tilliti til alls ofangreinds, þ.e. þess hve almenn og lýsandi heitin eru fyrir þá starfsemi sem báðir aðilar starfa að og aðgreining bæði á auðkennunum, hvoru tveggja orðmerkjum og orð- og myndmerkjum aðilanna, telur Neytendastofa einkarétt Elísabetar til auðkenna sinna, sbr. skráningu hjá Einkaleyfastofu, ekki leiða til þess að Sólveigu verði talin hafa brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 með notkun heitisins Vocalist, lénsins vocalist.is eða auðkennisins VOCALIST í þeirri mynd sem það er nú. Neytendastofa telur því ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 30. mars 2016

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir